217. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 11. september 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs var gestur fundarins og kom inn í fundarliðnum „Önnur mál".

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:00.*
2. *Fundargerðir 215. og 216. fundar lagðar fram til samþykktar*. Fundargerðir samþykktar.
3. *Úttekt verkfræðistofunnar Stoð á kirkjugarðsvegg á Siglufirði*. Ágústa kynnti og málið var rætt. Það liggur á að gera við hinn friðaða vegg sem fyrst. Senda þarf greinargóða lýsingu á verki þegar óskað er eftir umsögn Minjastofnunar.
4. *Drög að úthlutunarreglum fyrir styrkveitingar úr Kirkjugarðasjóð*. Ágústa kynnti og drögin voru rædd. Ákvörðun verður tekin á næsta fundi kirkjugarðaráðs.
5. *Önnur mál.* 1) Fyrirhuguð ráðstefna Norræna kirkjugarðasambandsins kynnt. Ráðstefnan verður haldin í Stokkhólmi dagana 17. – 19. september og samanstendur af tveimur dögum af fyrirlestrum og svo skoðunarferðum. Frá Íslandi fara Guðmundur Rafn fv. framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ágústa og Ingvar sem er nýr formaður Kirkjugarðasambands Íslands, ásamt fleirum frá Kirkjugörðum Reykjavíkur og Kirkjugörðum Akureyrar. Ingvar er í stjórn norræna sambandsins og tekur líklega við varaformannsstöðu, Guðmundur Rafn hefur verið varamaður en er að hætta og mun Ágústa taka við í stað hans. 2) Ágústa og Sigurgeir fóru yfir mál er varða Akrakirkjugarð. Eftir á að skipta kirkjugarðinum frá jörðinni og er hlið á veginum sem liggur að garðinum. Ágústa hefur rætt við skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar um að skilgreina lóð kirkjugarðsins. Sóknarnefnd Akrakirkju mun fylgja því eftir við Borgarbyggð að klára lóðamálin. Vegagerðin þjónustar veginn upp að kirkjunni og því þarf að hafa samband við hana um að fjarlægja hliðið. 3) Ragnhildur ræddi mál fornra legsteina í Nesi sem óskað hefur verið eftir að fáist fluttir að Strandakirkju. Leyfi til flutnings hefur fengist frá Minjastofnun Íslands. Kirkjugarðaráð mun færa steinana með aðkomu minjavarðar Suðurlands. Ákveða þarf hvar þeim verður komið fyrir við Strandakirkju. Guðmundur Rafn hefur lagt til staðsetningu á stalli fyrir framan kirkjuna, Ragnhildur leggur til aðra staðsetningu í garði við hlið kirkjunnar eða jafnvel inni í kirkjugarðinum. Ágústa og minjavörður munu skoða steinanna og mögulega staðsetningu þeirra við Strandakirkju.

4) Ingvar hefur skoðað ofna í nýja líkbrennslu KGRP frá svissneskum, hollenskum og þýskum framleiðindum. Allir ofnarnir hafa kosti og galla, en Ingvar mun reifa málið nánar á næsta fundi.

6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 16. október kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:20.